

E 2/2019

Fyrirspyrjandi Christian Juhl (EL)
Til ríkisstjórna Norðurlandanna

Til ríkisstjórna Norðurlandanna

Skrifleg fyrirspurn um möguleika á árangursríkum aðgerðum gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði

Fyrirsagnir fjölmiðlanna á undanförunum árum hafa flett ofan af umfangsmiklu peningaþvætti, mansali, undanskoti frá sköttum og gjöldum, bótasvikum, kennitöluflakki, skúffufyrirtækjum og sambærilegri brotastarfsemi á vinnumarkaði, og umsvifin virðast vera að aukast. Það er augljós hagur samfélagsins að gripið verði til skilvirkra aðgerða gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Það sem hamlar aðgerðum í Danmörku er skortur á gagnsæi varðandi fyrirtækjaupplýsingar á fjölmörgum sviðum. Þetta stendur ekki einungis almenningi og neytendum fyrir þrífum heldur einnig ýmis konar verkbeiðendum svo sem byggingaverktökum og kaupendum hjá hinu opinbera og einkaaðilum. Ýmislegt bendir til þess að nágrennar okkar á Norðurlöndum eigi betri kost á að verða sér úti um nauðsynlegar upplýsingar um fyrirtæki og einstaklinga sem þar standa að baki og fyrir vikið reynist þeim auðveldara að hafna hugsanlegum áhættufyrirtækjum.

Í ljósi þessa er eftirfarandi fyrirspurn borin fram:

- Norrænu ríkisstjórnirnar eru beðnar um að upplýsa um hvaða aðilar hafa aðgang að hvaða fyrirtækjaupplýsingum, til að mynda skrá, gagnagrunnum og yfirlitum um eftirfarandi málaflokka: 1) skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja, 2) raunverulegt eignarhald í fyrirtækjum, 3) fyrirtækjareikninga, 4) gjaldþrot og gjaldþrotasögu með og án persónuupplýsinga, 5) greiðslur virðisaukaskatts og annarra gjalda og 6) skuldir til hins opinbera.
- Ríkisstjórnirnar eru enn fremur beðnar um að upplýsa um hvaða aðilar hafa aðgang að hvaða skrá – hér er einkum óskað eftir upplýsingum um aðgang eftirfarandi aðila: 1) almennings, 2) opinberra stofnana, 3) lögmanna, 4) innheimtufyrirtækja, 5) fjármálastofnana, 6) upplýsingafyrirtækja um lánshæfi, 7) opinberra yfirvalda auk 8) stefndra og skuldara.

Kaupmannahöfn, 22. mars 2019

Christian Juhl (EL)